




## Agiferli SMT í Síðuskóla



### Viðmið um hegðunarfrávik og afleiðingar

1. stigs	2. stigs	3. stigs
<b>Hegðunarfrávik:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>❖ Pras/ögrun/rifrildi</li><li>❖ Truflar athafnir/leiki eða vinnu annarra</li><li>❖ Gengur illa um</li><li>❖ Snertir/togar/ýtir öðrum</li><li>❖ Annað</li></ul>	<b>Hegðunarfrávik:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>❖ Sérandi/niðrandi orðbragð</li><li>❖ Neitar að fylgja fyrirmælum/óhlýðni</li><li>❖ Ósannsögli/svindl</li><li>❖ Áreiti/stríðni</li><li>❖ Brýtur ítrekað skólareglu</li></ul>	<b>Hegðunarfrávik:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>❖ Ofbeldi/slagsmál/ ógnandi hegðun</li><li>❖ Skemmdarverk</li><li>❖ Þjófnaður</li><li>❖ Annað (vopn, eldfæri, reykingar, fíkniefni)</li></ul>
<b>Afleiðingar:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>❖ Leyst á staðnum og/eða skráð á stoppmiða í Mentor. Umsjónarkennari látinn vita. Haft samband við stjórnendur ef þarf.</li></ul>	<b>Afleiðingar:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>❖ Stoppmiði skráður í Mentor og foreldrar látnir vita. Umsjónarkennari látinn vita. Haft samband við stjórnendur ef þarf.</li></ul>	<b>Afleiðingar:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>❖ Nemandi er fjarlægður úr aðstæðum, lýkur skóladegi hjá stjórnendum eða sóttur af foreldri. Stoppmiði skráður í Mentor. Umsjónarkennari látinn vita</li></ul>

## Á hverju skólaári eru 2 stoppmiðatímabil.

Skráningatímabil miðast við áramót

Starfsmenn skrá stoppmiða í Mentor. Skrá skal fremst í dagbókina **Stoppmiði og muna að velja staðsetningu og o.s.frv. í flipunum. Einnig þarf að senda tilkynningu um skráninguna á umsjónarkennara og skólastjórendur þegar við á.**



Eftir 3 stoppmiða á hvoru stoppmiðatímabili

Umsjónarkennari tekur á málinu og hefur **samband við foreldra** eftir að nemandi hefur að hámarki fengið 3 stoppmiða.



Eftir 5 stoppmiða á hvoru stoppmiðatímabili

Umsjónarkennari hefur **samband við foreldra** eftir að nemandi hefur að hámarki fengið 5 stoppmiða og boðar þá á **fund** þar sem leita skal lausna til úrbóta.

**Hafi nemandi fengið fleiri en einn stoppmiða fylgja því aðrar afleiðingar en koma fram í ferlinu hér á undan. [Nauðsynlegt er að reyna að tengja saman eðli brotsins og afleiðingu þegar ákveðin leið er valin](#) .**

**Möguleikarnir eru:**

- ❖ Vísa nemandanum til **umsjónarkennara eða skólastjórnenda.**
- ❖ Missa ákveðin **forréttindi**. [Sjá töflu](#)
- ❖ Samband haft við foreldra. **Umsjónarkennari** sér um það en **faggreinakennari** getur gert það í samráði við umsjónarkennara.
- ❖ Foreldri sækir skóla með nemanda.
- ❖ Bæta tjón sem nemandi veldur af ásetningi, **skólastjóri** og **húsvörður** sjá um það.
- ❖ Einvera hjá **skólastjórnendum**.
- ❖ Vinna ákveðin uppbótarverkefni samkvæmt verklýsingu. [Sjá töflu](#)
- ❖ Vísa honum úr kennslutíma til **skólastjórnanda**.

- ❖ Nemandi lærir fram á gangi ef hann sinnir ekki náminu í kennslustofunni.
- ❖ Tímabundin brottvísun úr skóla og sækja þá foreldrarir börnin.  
**Umsjónarkennari og skólastjóri** taka þessa ákvörðun.
- ❖ Brottvísun úr skóla samkvæmt ákvæðum grunnskólalaga. **Skólastjóri** tekur ákvörðunina.
- ❖ Annað \_\_\_\_\_

## Verkfærakassi SMT



<b>Dæmi um forréttindamissi</b>	
<ul style="list-style-type: none"><li>❖ Fá ekki að fara í frímínútur og situr þá í einveru eða við að læra <b>hjá skólastjórnendum, skólaliðar</b> geta einnig sinnt þessu.</li><li>❖ Fá ekki að fara í ballskák (billjarð) eða borðtennis í frímínútum eða hádegi. <b>Starfsmaður á frímínútnavakt</b> sér um það sem tilheyrir salnum og <b>skólaliðar á B og C</b> sjá um það.</li><li>❖ Missa af ferðum (sem stutt er í). <b>Umsjónarkennari</b> og <b>skólastjórnandi</b> taka ákvörðun.</li><li>❖ Fá ekki að fara í ákveðnar kennslustundir.</li></ul>	

**Til minnis:**

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---